

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 28. maí 2024

Mál nr. E-5711/2023:

A

(Helgi Birgisson lögmaður)

gegn

TM tryggingum hf.

(Thelma Christel Kristjánsdóttir lögmaður)

Dómur

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Mál þetta var höfðað 22. september 2023 og dómtekið 16. apríl 2024.
- Stefnandi er A, [...]. Stefndi er TM tryggingar hf., Katrínartúni 2 í Reykjavík.
- Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum 10.984.931 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 514.118 krónum frá 13. júní 2023 til 9. ágúst 2023 en af 10.984.931 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnda eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst þess að verða sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að þær verði lækkaðar verulega. Stefndi krefst jafnframt málskostnaðar að skaðlausu úr hendi stefnanda.

Helstu málsatvik

- Stefnandi varð fyrir vinnuslysi við X 26. ágúst 2021 þegar hann var við störf sín hjá B. (hér eftir: B) sem var með ábyrgðartryggingu vinnuveitanda hjá stefnda. Stefnandi var þá ásamt samstarfsmönnum að slá og rífa mót af undirstöðu fyrir byggingarkrana með kúbeini. Unnið var í hæð og nærri brúnkanti. Þegar stefnandi var að beita kúbeininu missti hann jafnvægið og féll fram af brúninni ofan í grunn.
- Stefnandi er [...] ára gamall, [...] að uppruna og mun ekki vera mælandi á íslensku eða ensku. Í skýrslu hans fyrir dómnum kom fram að hann væri ekki menntaður smiður en hefði mikið fengist við smíðar á starfsferli sínum, einkum innanhúss.

7. Í lögregluskýrslu frá slysdeginum kemur fram að stefnandi hafi verið með hjálm við vinnuna en hjálmurinn hafi verið við hlið hans er lögreglu bar að garði. Hann hafi ekki verið með fallvarnarbúnað og engar ráðstafanir hafi verið gerðar varðandi það að girða af brúnir í kringum grunninn. Haft er eftir öryggisstjóra yfir verkinu að hann hafi ekki verið staddur á svæðinu þegar slysið varð en komið eftir að hafa fengið símtal um það. Hann hafi strax rekið augun í að stefnandi hafi ekki verið með neins konar öryggisbúnað sér til varnar ef til falls kæmi, öryggislínu eða annars konar fallvarnarbúnað. Þá er haft eftir yfirmanni verksins að hann hafi sagt stefnanda „ekki vera vanan verkum sem þessu þar sem hann væri fyrst og fremst innismiður“.
8. Í tilkynningu öryggisstjóra váttryggingartaka til Vinnueftirlitsins, sem mun hafa verið móttækin 13. september 2021, kemur fram að unnið hafi verið í um 5 metra hæð og um 1 metra frá brúnkanti þegar slysið varð. Notað hafi verið kúbein við verkið. Starfsmaðurinn hafi misst jafnvægið, runnið til með kúbeinið og fallið niður á mót fyrir neðan svæðið. Fallvarnarbelti hafi ekki verið notuð þegar slysið varð og öryggisnet hafi ekki verið til staðar.
9. Þá er atvikum lýst með þeim hætti í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins að tveir starfsmenn hafi verið að slá frá móti af „fundamenti“ fyrir byggingarkrana. Annar starfsmaður hafi beitt kúbeini þannig að hann missti jafnvægið og féll ofan í grunninn u.þ.b. 10 metra. Starfsmaðurinn hafi ekki notað fallvarnarbúnað. Vinna hafi verið bönnuð við undirstöður byggingarkranans. Jafnframt kemur fram að senda skuli Vinnueftirlitinu áhættumat og verklýsingu fyrir verkþáttinn og steypa undirstöður undir byggingarkranann. Þegar samþykkt áhættumat liggja fyrir séu forsendur til að aflétta banninu. Í skýrslu um takmarkaða úttekt Vinnueftirlitsins, dags. 2. september 2021, kemur fram að bann það sem Vinnueftirlitið hafi sett við vinnu við undirstöður fyrir byggingarkrana á byggingasvæðinu sé ítrekað. Brotið verði kært til lögreglu. Þá er gerð athugasemd þess efnis að búið sé að steypa undirstöður og reisa byggingarkrana án samþykkis Vinnueftirlitsins. Hvorki liggja fyrir mat á ástandi bergsins né burðarþolsútreikningar fyrir steyptar undirstöður og þar með stöðugleika kranans. Vinnueftirlitið meti það svo að hætta geti skapast ef kraninn falli. Starfsmenn B hafi brugðist við heimsókn Vinnueftirlitsins með því að fella bómu kranans og gera hann þannig stöðugan. Fram kemur að Vinnueftirlitið hafi gefið fyrir-mæli um að öll vinna væri bönnuð við kranann þar til gögn sem sýndu að undirstöður væru traustar hefðu verið lögð fram. Bannið skyldi gilda þar til Vinnueftirlitið hefði aflétt

því. Enn fremur segir að Vinnueftirlitið líti það alvarlegum augum ef bann við vinnu sé ekki virt. Því sé áréttað að öll vinna við kranann sé bönnuð.

10. Fyrir liggur skjal þar sem stefnandi staðfesti með undirritun sinni að hann hefði 23. mars 2021 setið námskeið um öryggismál á vegum B, í tengslum við verk sem sneri að byggingu hjúkrunarheimilis á Y. Í texta fyrir ofan undirritanir starfsmannanna kemur fram að erlendir starfsmenn sem vinni á staðnum hafi lesið yfir og kynnt sér öryggismál B á sínu tungumáli.
11. Í vitnisburði fyrrverandi öryggisstjóra verkstaða hjá B fyrir dómnum kom fram að hann hefði annast fræðslu um öryggismál hjá fyrirtækinu á um þriggja mánaða fresti á þeim tíma sem slysið varð. Á námskeiðunum hefði verið farið yfir, á íslensku og ensku, tiltekið námsefni sem hefur verið lagt fram í málinu. Starfsmenn hafi tekið að sér að túlka á önnur tungumál eftir þörfum og þannig hafi verið tryggt að þeir sem skildu hvorki íslensku né ensku gætu skilið það sem kennt var. Meðal þess sem farið hafi verið yfir hafi verið atriði sem sneru að fallvarnarbúnaði. Slíkur búnaður hafi verið til staðar á öllum verkstöðum B, þ.e. fallvarnarbelti og fallvarnarlínur. Í lok hvers námskeiðs hafi sérstaklega verið gengið úr skugga um að allir hefðu skilið innihald námskeiðsins.
12. Umrætt námsefni ber titilinn „Öryggisnámskeið starfsmanna og verktaka“ og á forsiðu þess kemur fram að um sé að ræða námskeið um öryggismál, haldið með starfsmönnum og verktökum á vinnustöðum B. Í námsefninu kemur fram að öll vinna sem eigi sér stað í meiri hæð en 1,8 metrum sé talin vinna í hæð og kalli því á úrlausnir. Notast sé við fallvarnarbúnað við vinnu í hæð. Í því sambandi er getið um öryggisbelti og línu. Þá segir að sé ekki hægt að tryggja öryggi starfsmanna sem vinna í hæð með almennilegum fallvörnum, t.d. með handriði, vinnupalli eða körfukrana, sé heimilt að nota fallbelti og línu.
13. Með bréfi, dags. 29. mars 2022, var þess krafist fyrir hönd stefnanda að stefndi viðurkenndi bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni. Með bréfi, dags. 6. desember 2022, tilkynnti stefndi að fallist væri á bótaskyldu en að bætur yrðu skertar um þriðjung þar sem stefnandi hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að notast ekki við fallvarnarbelti og línu sem hafi verið til staðar á verkstað.
14. Í matsgerð lækni og lögfræðings, dags. 22. maí 2023, er lýst þeirri niðurstöðu matsmanna að varanlegur miski vegna slyssins teljist 36 stig og varanleg örorka 40%. Stöðugleikatímamunktur stefnanda er talinn hafa verið 26. ágúst 2022. Tímabil tímabundins atvinnutjóns og þjáningabóta var samkvæmt matsgerðinni frá 26. ágúst 2021 til 19. ágúst 2022. Þar af var stefnandi rúmliggjandi frá slysdeginum til 29. september 2021. Fram

kemur það álit matsmanna að líklegt sé að stefnandi þurfi „á einhverjum verkjalyfjum að halda af og til vegna óþæginda sinna“.

15. Með bréfi, dags. 1. júní 2023, var bótakrafa stefnanda höfð uppi gagnvart stefnda. Stefndi féllst á að greiða stefnanda váttryggingarbætur vegna slyssins en skerti þær um þriðjung vegna ætlaðrar meðábyrgðar stefnanda á slysinu. Þá hafnaði stefndi að fullu bótakröfu stefnanda vegna framtíðarkostnaðar við lyfjakaup.
16. Samkvæmt gögnum frá Sjúkratryggingum Íslands um greiðsluþátttökukerfi lyfja kemur fram að hámarksgreiðsla einstaklings sé 62.000 krónur á 12 mánaða tímabili að 67 ára aldri en 41.000 krónur á 12 mánaða tímabili eftir að þeim aldri hefur verið náð.
17. Í skjali frá B sem ber yfirskriftina „Áhættugreining[.] Vinna í hæð[.] Hættulegar aðstæður[.]“ kemur fram að þegar unnið er við slíkar aðstæður skuli tryggja að fallvarnarbúnaður sé til staðar, yfirfarinn og í lagi. Setja skuli upp öryggisnet og fallvarnir á brún bergstálsins. Nota skuli fallvarnarbelti, sigbelti og öryggislínu þar sem fullnægjandi fallvörnum verði ekki komið við.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

18. Stefnandi telur að orsök slyssins megi m.a. rekja til þess að við verkið hafi hvorki verið til staðar fallvarnir né hafi aðrar öryggisráðstafanir verið gerðar til að koma í veg fyrir fall. Stefnandi mótmælir því að rétt sé að hann beri tjón sitt að hluta sjálfur. Stefndi hafi haldið því fram að starfsmenn váttryggingartakans sitji öryggisnámskeið fyrir hvert verk, þar sem farið sé yfir mikilvæg öryggisatriði. Ekki liggi þó fyrir staðfesting þess að stefnandi hafi setið öryggisnámskeið vegna þess verks sem hann vann að þegar slysið varð. Hins vegar liggi fyrir staðfesting þess að hann hafi setið slíkt námskeið 23. mars 2021 vegna verks sem fram fór á Y. Um mjög frábrugðin verkefni hafi verið að ræða þar sem verkefnið á Y hafi verið við smíðar innanhúss, sem stefnandi sé sérhæfður í, en verkefnið við X hafi verið utandyra við uppbyggingu á undirstöðu undir byggingarkrana.
19. Stefnandi mótmælir harðlega þeirri staðhæfingu stefnda að fallvarnarbelti hafi verið til staðar á slysstað, enda hafi engar sönnur verið færðar fram fyrir því. Þrátt fyrir öryggisbækling vinnuveitanda sem kveði á um að ávallt skuli nota fallvarnarbúnað við vinnu í hæð sé það á ábyrgð hans að ganga úr skugga um að sá búnaður sé til staðar fyrir starfsmenn og veita þeim upplýsingar um að slíkur fallvarnarbúnaður sé á svæðinu til notkunar. Hafi fallvarnarbelti verið til staðar, eins og stefndi haldi fram, liggi fyrir að engin lína hafi verið til staðar til að festa beltíð við á þeim stað sem stefnandi hafi verið að slá frá móti. Slíkt sjáist greinilega á myndum sem teknar hafi verið á slysdegi. Ekki gangi að

varpa ábyrgð yfir á stefnanda sem hafi treyst því að vinnuveitandi tryggði að aðbúnaður vinnustaðarins og upplýsingaflæði vinnuveitanda til starfsmanna væri á þann veg að gætt væri fyllsta öryggis starfsmanna.

20. Staðhæfing stefnda um að stefnandi hafi verið reynslumikill smiður, sem oft hafi unnið við aðstæður sem þessar, sé röng. Það sjáist m.a. í lögregluskýrslu frá 26. ágúst 2021 þar sem haft hafi verið eftir yfirmanni verksins að stefnandi væri ekki vanur verkum sem þessu þar sem hann væri „fyrst og fremst innismiður“.
21. Leggja verði ríka skyldu á vinnuveitanda að hafa fullnægjandi öryggisbúnað til reiðu til þess að tryggja öryggi starfsmanna, sbr. 13. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Samkvæmt 37. gr. laga nr. 46/1980 skuli haga vinnu og framkvæma þannig að gætt sé fyllsta öryggis og góðs aðbúnaðar og hollustuhátta og beri atvinnurekanda að tryggja að svo geti orðið, sbr. 13. og 14. gr. sömu laga. Þar sem vinnuveitandi hafi ekki tryggt öryggi starfsmanns síns nægilega í umrætt sinn, með því að útvega honum ekki allan viðeigandi öryggisbúnað sem hann gerði kröfu um að starfsmenn notuðu við verkið samkvæmt öryggisbæklingi, teljist hann skaðabótaskyldur að fullu gagnvart stefnanda.
22. Stefnandi bendir á að samkvæmt 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 1. gr. laga nr. 124/2009 um breytingu á þeim, skerðist ekki réttur starfsmanns til skaðabóta vegna líkamstjóns sem hann verði fyrir í starfi sínu vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Einfalt gáleysi nægi ekki. Stefnandi telur sig ekki hafa sýnt af sér gáleysi umrætt sinn, þaðan af síður stórkostlegt. Þá telur stefnandi einnig að augljóst sé af fyrirliggjandi gögnum máls að sök vinnuveitanda hafi verið mjög mikil í þessu tilfelli, enda hvorki öryggisnet við grunninn né hafi aðrar öryggisráðstafanir verið gerðar þar.
23. Þá byggir stefnandi á því að það hafi verið meðvirkandi þáttur í slysinu að ekki hafi legið fyrir skriflegt áhættumat og áætlun um forvarnir vegna umrædds verkþáttar eins og fram komi í niðurstöðu rannsóknar Vinnueftirlitsins á slysinu, þrátt fyrir að fyrirmæli um slíkt sé að finna í 1. og 2. mgr. 65. gr. a laga nr. 46/1980 sem og í 27. gr. reglugerðar nr. 920/2006 um skipulag og framkvæmd vinnuverndarstarfs á vinnustöðum. Stefnandi telur að vinnuveitandi hans hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi og vanrækt skyldur sínar sem honum hafi borið að rækja lögum samkvæmt til þess að tryggja öryggi stefnanda.
24. Stefnandi telur að gögn frá Vinnueftirlitinu sýni að vinnuveitandi hafi í kjölfar slyssins brotið gegn banni við vinnu á því svæði þar sem slysið átti sér stað en bannið hafi verið

lagt á vegna ófullnægjandi öryggisaðstæðna á vinnusvæðinu samkvæmt eftirlitsskýrslu Vinnueftirlitsins. Á meðan á banninu hafi staðið hafi m.a. verið búið að steypa undirstöður og reisa byggingarkrana án samþykkis Vinnueftirlitsins. Vinnueftirlitið hafi metið það svo að hætta gæti skapast ef kraninn félli þar sem hann hafi verið óstöðugur. Í kjölfar slyssins hafi vinnuveitandi þannig haldið áfram að vanrækja skyldur sínar hvað varðar öryggi starfsmanna og almennings.

25. Stefnandi telur, með hliðsjón af framansögðu, að rétt sé að taka mið af þeim heildarupplýsingum sem liggi skýrt fyrir um háttsemi váttryggingartaka hvað varðar vanrækslu hans á öryggisatriðum. Stefnanda hafi ekki tekist að fá staðfestingu á staðhæfingum um að fallvarnarbelti hafi verið til staðar á svæðinu á slysdegi. Einnig verði að horfa til þess að engin lína hafi verið til að festa fallvarnarbeltið við á þeim stað sem stefnandi hafi verið að slá mót frá undirstöðu fyrir byggingarkrana umrætt sinn. Þá telji stefnandi ljóst, ef miðað sé við háttsemi váttryggingartaka umrætt sinn en einnig í kjölfar slyssins hvað varðar vanrækslu á öryggisatriðum, að taka verði með fyrirvara frásögn hans og staðhæfingar varðandi önnur ósönnuð öryggisatriði á slysdegi er dragi úr bótaábyrgð hans á slysinu.

26. Stefnandi telur að heildartjón hans nemi 29.691.330 krónum sem sundurliðist svo:

Útlagður sjúkrakostnaður skv. 1. gr. skbl.	1.512.111 kr.
Framtíðarlyfjakostnaður skv. 1. gr. skbl.	792.316 kr.
Tímabundið atvinnutjón skv. 2. gr. skbl.	2.893.112 kr.
Þjáningabætur skv. 3. skbl.	976.340 kr.
Varanlegur miski skv. 4. gr. skbl.	4.963.140 kr.
Varanleg örorka skv. 5.–7. gr. skbl.	32.187.028 kr.

Til frádráttar

Bætur úr slysatryggingu launþega	11.153.968 kr.
Greitt af Tryggingastofnun og lífeyrissjóði	2.478.749 kr.

Heildartjón

29.691.330 kr.

Stefndi hafi greitt bætur sem hér segir:

Útlagður sjúkrakostnaður	514.118 kr.
Framtíðarlyfjakostnaður	792.316 kr.
Tímabundið atvinnutjón	983.658 kr.
Þjáningabætur, miski og varanleg örorka	8.164.570 kr.

Skerðing samtals

10.454.662 kr.

Með vísan til framangreinds sundurliðist dómkrafa stefnanda með eftirfarandi hætti:

1. 33% frádráttur vegna eigin sakar

Ógreiddur útlagður kostnaður stefnanda 514.118 kr.

Tímabundið atvinnutjón 983.658 kr.

Þjáningabætur, miski og varanleg örorka 8.164.570 kr.

2. Framtíðarlyfjakostnaður 792.316 kr.

3. Vextir skv. 16. gr. skbl.

Vextir á þjáningabætur frá 26.08.2021 til 09.08.2023 29.236 kr.

Vextir á tímabundið atvinnutjón frá 26.08.2021 til 09.08.2023 88.367 kr.

Vextir á miskabætur frá 26.08.2021 til 09.08.2023 147.135 kr.

Vextir á bætur vegna varanlegrar örorku 265.531 kr.

frá 26.08.2022 til 09.08.2023

SAMTALS

10.984.931 kr.

27. Samkvæmt kvittun stefnda hafi stefnanda verið greiddar bætur vegna slyssins samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga að frádregnum þriðjungi sökum eigin sakar. Frádráttur stefnda vegna eigin sakar stefnanda hafi í fyrstu numið 12.565.366 krónum en bótauppgjórið hafi svo verið leiðrétt þannig að eftir standi frádráttur að fjárhæð 8.164.570 krónur. Bætur vegna tímabundins atvinnutjóns hafi verið tilgreindar á annarri kvittun og að sama skapi að frádregnum 34% sökum eigin sakar stefnanda að fjárhæð 983.658 krónur. Ekki sé tölulegur ágreiningur í málinu hvað varðar bótauppgjör. Miðist krafa stefnanda því við þann frádrátt sem hafi átt sér stað á uppgjóri ásamt vöxtum samkvæmt 16. gr. skaðabótalaga.
28. Krafa stefnanda um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar byggist á 1. gr. skaðabótalaga. Um sé að ræða útlagðan kostnað stefnanda vegna læknisheimsókna, lyfja og sjúkraþjálfunar en stefnandi hafi þurft að bera 1/3 hluta þess kostnaðar sjálfur.
29. Einnig sé gerð krafa um framtíðarkostnað að fjárhæð 792.316 krónur en matsmenn meti það sem svo að stefnandi þurfi á verkalyfjum að halda vegna óþæginda sinna. Við útreikning á því sé miðað við greiðsluþrep lyfjakaupa frá Sjúkratryggingum Íslands, þ.e.a.s. hvað einstaklingur þurfi að borga á ári hverju fyrir lyf. Sú fjárhæð sé uppreiknuð til næstu [...] ára eða þar til stefnandi verði 81 árs en það sé meðalævilengd karla á Íslandi samkvæmt Hagstofu Íslands. Að lokum sé þetta núvirt til dagsins í dag með 5% afvöxtun.

30. Krafist sé dráttarvaxta af heildarkröfunni samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af ógreiddum sjúkrakostnaði frá 13. júní 2023 en af heildarfjárhæð frá 9. ágúst 2023 (þegar bótauppgjör hafi verið undirritað) til greiðsludags.

Málsástæður og lagarök stefnda

31. Stefndi telur kjarna málsins vera þann að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi við vinnu sína 26. ágúst 2021, þegar hann notaði ekki fallvarnarbelti við vinnu í hæð, og þurfi því að bera hluta tjóns síns sjálfur, sbr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993. Í málinu liggi fyrir að stefndi hafi samþykkt bótaskyldu á 2/3 af tjóni stefnda en haldið eftir 1/3 vegna eigin sakar stefnanda. Þá hafi stefnandi ekki sannað tjón hvað varðar lyfjakaup til framtíðar.
32. Við mat á því hvort draga eigi frá hluta bóta vegna eigin sakar stefnanda verði að bera saman sök vátryggingartaka og sök stefnanda. Í 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 segi að þegar starfsmaður verði fyrir líkamstjóni í starfi sínu skerðist ekki réttur hans til skaðabóta vegna meðábyrgðar nema hann hafi af stórkostlegu gáleysi eða ásetningi átt þátt í að tjónsatburður varð. Stefndi telji framangreind skilyrði fyrir skerðingu bóta uppfyllt.
33. Ljóst sé að stefnandi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi þegar hann notaði ekki fallvarnarbelti, sem þó hafi verið á staðnum, er hann vann í hæð. Honum hafi verið í lófa lagið að nota fallvarnarbelti og hafi átt að vera kunnugt um mikilvægi þess á grundvelli áratuga reynslu sinnar sem smiður og fræðslu sem hann hafði hlotið hjá vátryggingartaka. Stefnandi eigi því að bera þriðjung tjóns síns sjálfur, sbr. 23. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Það sé í samræmi við dómaframkvæmd í sambærilegum málum.
34. Stefnandi sé vanur smiður og iðnaðarmaður sem þekki vel til vinnu við aðstæður sem eðli síns vegna teljast hættulegar, svo sem vinnu í hæð. Þess utan hafi stefnandi mjög nýlega verið búinn að sækja ítarlegt öryggisnámskeið á vegum vátryggingartaka þar sem vandlega hafi verið farið yfir öryggisreglur og ábyrgð starfsmanna. Þar sé kveðið á um skyldu starfsmanna, þ.m.t. stefnanda, til þess að nota fallvarnarbelti og tilheyrandi búnað þegar unnið sé í 1,8 m hæð eða meira. Stefnandi hafi því verið meðvitaður um þá skyldu sína en hafi þrátt fyrir það farið gegn fyrrgreindum reglum.
35. Þá hafnar stefndi því að námskeiðið hafi verið ófullnægjandi eða að stefnandi búi ekki yfir sérþekkingu á þeirri vinnu sem hann sinnti í X þar sem hann hafi þá verið „innismiður“. Stefndi fái ekki séð af hvaða ástæðu stefnandi, smiður með áratuga reynslu, þurfi að sitja öryggisnámskeið fyrir hvert nýtt verkefni. Ljóst sé að stefnandi hafi setið öryggisnámskeið eingöngu fimm mánuðum áður en það slys sem hér um ræðir

varð, vegna verkefnis við heilbrigðisstofnun á Y. Telja verði að það námskeið hafi verið fullnægjandi jafnvel þótt verkefnið kunní að hafa snúið að vinnu innanhúss, enda hafi verið farið yfir áhættuþætti vegna vinnu í hæð. Þá verði heldur ekki fallist á að hægt sé að gera greinarmun á „innismiðum“ og þeim sem vinna í byggingarvinnu úti. Hluti af vinnu flestra smiða sé að vinna í hæð, hvort sem þeir séu „innismiðir“ eða „útismiðir“ og því eigi allir smiðir að þekkja til helstu öryggisatriða í byggingarvinnu. Samkvæmt framangreindu sé ljóst að stefnanda hafi verið kunnugt um þá áhættu sem falist hafi í því að nota ekki fallvarnarbelti á meðan hann vann við brún í mikilli hæð.

36. Stefndi byggir á því að fallvarnarbelti hafi verið til staðar á verkstaðnum. Í skýrslu Vinnueftirlitsins sé tekið skýrt fram að öryggisnet hafi „ekki verið til staðar“ en fallvarnarbelti „ekki verið notuð“. Athugasemd Vinnueftirlitsins varðandi fallvarnarbelti snúi því ekki að því hvort búnaðurinn hafi verið til staðar heldur að því að hann hafi ekki verið notaður. Á fyrri stigum málsins hafi lýsingar stefnanda á aðstæðum verið sambærilegar því sem fram komi í skýrslu Vinnueftirlitsins. Það hafi ekki verið fyrr en í stefnu málsins sem stefnandi hafi fyrst haldið því fram að fallvarnarbelti eða öryggislínur hafi ekki verið á svæðinu.
37. Þá sé því ranglega haldið fram í stefnu að ekki hafi verið hægt að festa beltí við neitt þar sem stefnandi var við störf. Öryggislínur, þ.e. línur til að festa fallvarnarbelti í, þurfi eingöngu að festa við fastan punkt í neðstu stöðu. Því hafi verið hægt að festa línuna við steypujárnin sem steipt hafi verið í undirstöðuna. Auk þess hafi stefnandi fengið skýrar leiðbeiningar á öryggisnámskeiði um að ef ske kynni að nauðsynlegur öryggisbúnaður væri ekki til staðar ættu starfsmenn að gera hlé á vinnu sinni þar til tilhlýðilegur búnaður væri kominn í notkun. Enn fremur verði hér að hafa mið af áratuga reynslu stefnanda og nýlegri þjálfun hans. Jafnvel þótt fallvarnarbelti hefðu ekki verið til staðar hefði stefnanda að mati stefnda mátt vera ljóst á grundvelli reynslu sinnar og nýlegrar þjálfunar að þörf væri á að setja upp öryggislínur og sækja fallvarnarbelti.
38. Stefndi telur að stefnandi hafi hlotið fullnægjandi þjálfun. Hann hafi setið öryggisnámskeið aðeins fimm mánuðum fyrir umrætt slys. Á námskeiðinu hafi m.a. verið farið yfir öryggisþætti vegna vinnu í hæð.
39. Stefnandi hafi borið fyrir sig að námskeiðið hafi verið ófullnægjandi þar sem verkefnið hafi verið ólík, þ.e. verkefnið á Y hafi farið fram innanhúss en verkefnið í X utandyra. Ekki verði fallist á það. Ljóst sé að farið hafi verið yfir öryggisþætti vegna vinnu í hæð á námskeiðinu og auk þess hafi stefnanda mátt vera kunnugt um helstu öryggisatriði í

vinnu í hæð á grundvelli áratuga reynslu sinnar af byggingarvinnu. Stefndi telji því námskeiðið bæði hafa verið fullnægjandi og jafnvel þótt ekki yrði fallist á það sé ekki orsakasamhengi milli ófullnægjandi fræðslu og tjóns stefnanda þegar litið sé til sérþekkingar stefnanda.

40. Óumdeilt sé að ekkert öryggisnet hafi verið á svæðinu. Ákvæði 15.1 í B-hluta viðauka IV við reglur Vinnueftirlitsins um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir á byggingarvinnustöðum og við aðra tímabundna mannvirkjagerð kveði á um skyldu til að koma í veg fyrir fall hluta úr mikilli hæð með fótlista, grindum, handriði eða öryggisneti. Því sé ljóst að þótt skylt kunni að vera að setja upp öryggisnet sé það ekki til að verja starfsmenn fyrir falli heldur til að verja starfsmenn gegn því að lausir hlutir falli á þá.
41. Hins vegar kveði ákvæði 33.9 sama hluta viðaukans og ákvæði 9.2 A-hluta viðaukans á um að starfsmenn skuli hins vegar varðir fyrir falli úr hæð með notkun öryggislínu, þegar pöllum og handriðum verði ekki komið við. Ljóst sé að fallvarnarbelti og öryggislína hafi verið til staðar en ekki notuð. Samkvæmt váttryggða hafi fallvarnarbelti verið til staðar en ekki notað og þeirri skyldu vinnuveitanda að tryggja fallvarnir hafi því verið sinnt.
42. Það sé því ekki orsakasamhengi milli þess að öryggisnet hafi ekki verið til staðar og tjóns stefnanda, þar sem starfsmenn skuli varðir fyrir falli úr hæð með fallvarnarbelti en varðir fyrir falli lausra hluta með öryggisneti. Verði tjón stefnanda því ekki rakið til saknæmrar háttsemi váttryggðs hvað þetta varðar.
43. Óumdeilt sé að skriflegt áhættumat hafi ekki verið til staðar og stefnandi telji það hafa verið samverkandi þátt í þeim atvikum er ollu tjóni hans. Hins vegar verði að telja að það sé ekki fullnægjandi til að litið verði framhjá sök stefnanda er falist hafi í því stórfellda gáleysi að setja ekki á sig fallvarnarbelti. Þá verði að hafa í huga að stefndi hafi þegar bætt stefnanda 2/3 hluta tjóns hans. Auk þess telji stefndi að ekkert orsakasamhengi sé á milli þess að váttryggingartaki framkvæmdi ekki skriflegt áhættumat og tjóns stefnanda.
44. Stefndi telur að sýkna beri hann af kröfu stefnanda um greiðslu lyfjakostnaðar. Matsgerð á tjóni stefnanda, dags. 22. maí 2023, kveði eingöngu á um „að líklegt [sé að stefnandi] þurfi á einhverjum verkjalyfjum að halda af og til vegna óþæginda sinna“. Matsgerðin kveði því ekki á um að ljóst sé að stefnandi muni þurfa á verkjalyfjum að halda til frambúðar. Þá hafi stefnandi ekki lagt fram nein gögn um raunkostnað vegna lyfjakaupa. Stefndi telji því ljóst að sýkna beri hann af kröfunni þar sem stefnandi hafi ekki sannað tjón sitt að þessu leyti.

45. Þá bendir stefndi á að krafa stefnanda um greiðslu lyfjakostnaðar virðist byggja á því að kostnaður stefnanda verði ávallt hærri en hámarksgreiðsla fyrir ár sem sé 62.000 krónur. Ljóst sé að stefnandi muni ómögulega geta varið slíkri fjárhæð í verkjalyf. Jafnvel þótt stefnandi þyrfti reglulega að taka verkjalyf, sem matsgerðin geri ekki ráð fyrir, sé hámarksskammtur af paracetamol 1–2 töflur 3–4 sinnum á sólarhring. Pakki með 30 töflum af Paracetamol Sandoz (virka efnið paracetamol) kosti 389 krónur. Jafnvel þótt miðað væri við að stefnandi tæki hámarksskammt, þ.e. átta töflur 365 daga ársins, yrði fjárhæðin eingöngu 37.863 krónur. Þá hafi ekki verið tekið tillit til kostnaðarþátttöku Sjúkratrygginga Íslands sem myndi lækka fjárhæðina enn frekar. Stefnanda sé því ómögulegt að eyða eins miklu í lyfin og gert sé ráð fyrir í stefnu, jafnvel þótt hann þyrfti reglulega að taka verkjalyf. Auk þess beri að ítreka að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn um raunverulegan lyfjakostnað og matsgerðin kveði ekki á um þörf á reglulegri inntöku verkjalyfja. Af þessum sökum sé því ljóst að sýkna beri eða a.m.k. lækka verulega kröfu stefnanda vegna lyfjakostnaðar.

Niðurstæða

46. Ágreiningur málsins snýr einkum að tvennu. Annars vegar því hvort stefnda beri að bæta að fullu tjónið sem stefnandi varð fyrir vegna slyssins 26. ágúst 2021 eða stefnandi að bera þriðjung þess sjálfur vegna eigin sakar. Hins vegar er deilt um hvort stefnda beri að bæta stefnanda tjón vegna ætlaðs lyfjakostnaðar í framtíðinni. Stefndi hefur fallist á að bæta 2/3 tjóns stefnanda að öðru leyti en er varðar lyfjakostnað en hafnar að fullu kröfu stefnanda vegna hans.
47. Við úrlausn málsins reynir einkum á hvort stefnandi teljist hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 1. mgr. 23. gr. a skaðabótalaga nr. 50/1993 með því að nota ekki fallvarnarbúnað í umrætt sinn. Deilt er um hvort sannað sé að slíkur búnaður hafi verið til staðar á verkstaðnum. Sem fyrr segir kemur fram í tilkynningu öryggisstjóra B til Vinnueftirlitsins, móttækinni 13. september 2021, að fallvarnarbelti hafi ekki verið notuð þegar slysið varð. Þá segir í skoðunarskýrslu Vinnueftirlitsins að stefnandi hafi ekki notað fallvarnarbúnað. Í þessum gögnum kemur þannig ekki fram að umræddan búnað hafi skort á verkstaðnum heldur er þess einungis getið að hann hafi ekki verið notaður. Þá kom fram í vitnisburði fyrrverandi öryggisstjóra verkstaða hjá B fyrir dómnum að fallvarnarbelti og fallvarnarlínur hefðu verið til staðar á öllum verkstöðum félagsins. Þótt sönnunargildi vitnisburðarins takmarkist af því að vitnið gegndi umræddri stöðu hjá váttryggingartakanum verður í ljósi alls framangreinds lagt til grundvallar að umræddur

fallvarnarbúnaður hafi verið tiltækur á verkstaðnum, enda liggja ekki fyrir í málinu gögn um annað. Þá benda ljósmyndir af vettvangi til þess að unnt hafi verið að festa fallvarnarlínu við sökkul sem þar var staðsettur.

48. Fyrir liggur að rúmlega fimm mánuðum áður en slysið varð sat stefnandi námskeið um öryggismál á vegum B, í tengslum við verk sem sneri að byggingu hjúkrunarheimilis á Y og staðfesti þá með undirritun sinni að hafa kynnt sér öryggismál félagsins á sínu tungumáli. Í framlögðu námsefni sem mun hafa verið kennt á námskeiðum B um öryggismál kemur m.a. fram að öll vinna sem eigi sér stað í meiri hæð en 1,8 metrum sé talin vinna í hæð og kalli því á úrlausnir. Í því sambandi er m.a. getið um öryggisbelti og línu. Í vitnisburði fyrrverandi öryggisstjóra verkstaða hjá B fyrir dómnum kom fram að þetta námsefni hefði verið kennt á fyrrgreindu námskeiði sem stefnandi sat í tengslum við verk á Y, enda væri um að ræða staðlað námsefni sem tíðkast hefði að kenna á slíkum námskeiðum. Telja verður að nægar líkur hafi verið leiddar að því að farið hafi verið yfir þetta námsefni á námskeiðinu sem stefnandi sat.
49. Af framburði stefnanda fyrir dómnum og öðru því sem fram hefur komið um hans starfsferil verður ráðið að hann búi yfir mikilli reynslu af smíðum þótt hann hafi ekki formlega menntun á því sviði og muni einkum hafa fengist við smíðar innanhúss. Telja verður að í ljósi reynslu hans og kunnáttu, m.a. eftir að hafa setið fyrrgreint námskeið, hafi honum hlotið að vera ljóst að veruleg áhætta væri fólgin í því að vinna umrætt verk án fallvarna, einungis um einum metra frá brún þar sem hægt var að falla marga metra niður. Þessi háttsemi stefnanda verður því metin honum til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr. a skaðabótalaga. Um það vísast einnig til hliðsjónar til dóms Landsréttar frá 24. júní 2022 í máli nr. 128/2021. Því þykir rétt að fallast á það með stefnda að stefnandi skuli sjálfur bera þriðjung tjóns síns.
50. Sá liður dómkröfu stefnanda sem varðar ætlaðan lyfjakostnað hans í framtíðinni er alls að fjárhæð 792.316 krónur og miðast við að umræddur kostnaður muni nema 62.000 krónum á ári til 67 ára aldurs en 41.000 krónum á ári eftir það. Í þessu sambandi vísar stefnandi til fyrirbyggjandi matsgerðar, dags. 22. maí 2023, þar sem fram kemur að líklegt sé að stefnandi þurfi „á einhverjum verkjalyfjum að halda af og til vegna óþæginda sinna“. Í matsgerðinni kemur ekkert nánar fram um í hve miklu magni líklegt sé að stefnandi muni þurfa á verkjalyfjum að halda eða hver sé líklegur kostnaður hans vegna þess. Þá hefur stefnandi ekki lagt fram nein önnur gögn sem varpa ljósi á hver kostnaður hans af kaupum á verkjalyfjum hafi í reynd verið eftir að heilsufar hans varð stöðugt eða sé

líklegur til að verða í framtíðinni. Stefnandi hefur því ekki fært sönnur á að tjón hans vegna þessa nemi þeirri fjárhæð sem hann krefst. Að mati dómsins veita framlögð gögn ekki heldur nægar vísbendingar um þennan kostnað stefnanda til að unnt sé að dæma honum skaðabætur að álitum vegna hans.

51. Að öllu framangreindu virtu verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.
52. Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.
53. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi frá 29. desember 2023. Allur gjafsóknarkostnaður hans greiðist úr ríkissjóði samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991. Þar með talin er þóknun lögmanns hans, Helga Birgissonar, sem telst hæfilega ákveðin 1.250.000 krónur. Samkvæmt dómvenju er þóknun til umboðsmanns gjafsóknarhafa ákveðin án virðisaukaskatts, sbr. til hliðsjónar úrskurði Landsréttar frá 10. apríl 2018 í máli nr. 288/2018 og 18. nóvember 2021 í máli nr. 644/2021.
54. Helgi Birgisson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Thelma Christel Kristjánsdóttir lögmaður fyrir stefnda.
55. Gætt var að ákvæðum 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
56. Þorsteinn Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, TM tryggingar hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans, Helga Birgissonar, 1.250.000 krónur.

Þorsteinn Magnússon